

Viðtakandi: Fræðsluráð

Efni: Þróunarverkefni og menntarannsókn

Skólastjórnendur Grunnskóla Vestmannaeyja hafa áhuga á að breyta skipulagi og áherslum í kennslu þar sem áherslan verður á þjálfun og stífa eftirfylgni út frá stöðluðum mælingum í ákveðnum greinum. Ekki er vikið frá viðmiðunarstundaskrá þannig að undanþágu þurfi fyrir þessum breytingum, skv. ráðuneyti, og ekki er heldur verið að víkja frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Hugmynd að skipulagi og áherslum:

- Hreyfing til að bæta hreyfifærni, hreysti, einbeitingu og fókus.
- Áhersla til hádegis: Lestur, náttúrufræði (skapa ástríðu fyrir faginu), stærðfræði (samlagning, frádráttur, deilding og margföldun)
- Eftir hádegi: Þjálfunartímar í lestri (fyrstu 2 árin og svo kæmu aðrar greinar inn) þar sem börn fá þjálfun við hæfi. Svo kennsla í öðrum fögum (einnig á morgnana 1x í viku) og áhugasviðstengdum greinum.

Til þess að fá stuðning við þessa breytingu er það ósk stjórnenda að taka þátt í menntarannsókn í samvinnu við Hermund Sigmundsson prófessor í lífeðlislegri sálfræði við HR og Háskólann í Þrándheimi enda mikilvægt að fá stuðning og ráðgjöf háskólasamfélagsins við slíkt þróunarverkefni. Umrædd rannsókn er til 12 ára og henni fylgja þessar breyttu áherslur í námi nemenda sem skólastjórnendur horfa til. Miðað væri við að byrja á þróunarverkefninu og þá rannsókninni strax í 1. bekk haustið 2021 og fylgja þeim árgangi út þeirra skólagöngu.

Aðal RANNSÓKNAR áhersla yrði á eftirfarandi þætti:

- Læsi og lestur:
- Rannsóknir á bókstaf- hljóð kunnáttu, læsi og lesskilning
- Tölur og stærðfræði:
- Rannsóknir á kunnáttu á tölum og talnaskilningi, mengi og stærðfræði
- Náttúrufræði og umhverfi:
- Rannsóknir á kunnáttu um hina ólíku þætti náttúrunnar og umhverfi
- Hreyfing/hreyfifærni/hreysti/heilsa:
- Rannsóknir á samspili hreyfingu, hreyfifærni, og hreysti
- Hugarfar: ástríða, þrautseigja, grósku hugarfar og flæði:

Skólaskrifstofan er tilbún að styðja við þróunarverkefnið og rannsóknina og fagnar því að horft sé til þróunarstarfs með stuðningi háskólasamfélagsins með það að markmiði að bæta skólastarfið. Þetta er jafnframt einstakt tækifæri fyrir GRV og Vestmannaeyjar til að vera leiðandi í skólastarfi og menntarannsóknum á Íslandi.

Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastjóri.

Drífa Gunnarsdóttir, fræðslufulltrúi